



Til þess sem málið varðar

Hella, 14. apríl 2026
2603072 JRÖ

Efni: Viðbygging

Myrkvaborgir - grenndarkynning

Fyrirspurn vegna viðbyggingar

Á fundi skipulagsnefndar 9. apríl 2026 var tekið fyrir erindi Valdimars Aðalsteinssonar í formi fyrirspurnar til að byggja við núverandi 42,0 m² sumarhús, allt að 60 m² viðbyggingu á einni hæð sem auki svefnrými, bæti við salerni og þvottaaðstöðu. Stærðir núverandi bygginga er 179,5 m² í formi sumarhúss og skemmu en yrði u.þ.b. 240 m² með þessari stækkun. Lóðin er rétt tæpir 13 ha. Ekkert deiliskipulag liggur fyrir af svæðinu.

Á fundi Skipulags- og umferðarnefndar þann 09.04.2026 var

eftirfarandi bókað: „ Skipulags- og umferðarnefnd leggur til að tillaga umsækjanda skuli grenndarkynnt hagsmunaaðilum á svæðinu með áherslu á svæðið milli Landvegur og frístundasvæðisins F37. Nefndin leggur áherslu á að gengið verði frá deiliskipulagi fyrir svæðið sem fyrst.“

Með vísan til 44. gr. laga nr. 123/2010 er eftirtöldum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna: Húseigendum og lóðareigendum við Litla-Klofa C5 (209916), Sandar (209914), Litli-Klofi lóð C3 (209913), Litli-Klofi lóð B3 (209907), Litli-Klofi lóð B2 (209903), Litli-Klofi lóð B1 (209902), Litli-Klofi lóð B4 (209909), Hekluskarð (205145), Skýjaborgir (220350), Litli-Klofi lóð A1, (209897), Litli-Klofi lóð A, (209899) og Litli-Klofi lóð A3, (20900).

Bent skal á að leigutakar húsnæðis á ofangreindum lóðum teljast einnig til hagsmunaaðila og skulu húseigendur kynna tillöguna fyrir þeim. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Skipulagsfulltrúa.

Kynning hefst þann 14. apríl og skal athugasemdum við ofanskráða tillögu komið í gegnum www.skipulagsgatt.is undir mál nr. 437/2026, til skipulagsfulltrúa skriflega eða á netfangið jonragnar@ry.is eigi síðar en 12.maí 2026. Þeir sem ekki senda inn athugasemdir fyrir tilskilinn frest teljast tillögunni samþykkir.

Virðingarfyllt,


Jón Ragnar Örlygsson
Aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa